



10. mars 2021
Tilv.: 2102217

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun regluverks um starfsemi fjárhagsupplýsingastofa, 151. löggjafarþing, þingskjal 164 - 163. mál


Með tölvupósti dags. 24. febrúar 2021 óskaði efnahags- og viðskipta-nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda tillögu.

Með tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að skipa starfshóp sem taki til endurskoðunar lög og reglur sem gilda um starfrækslu fjárhagsupplýsingastofa og vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila í því skyni að miðla þeim til annarra. Hópurinn leggi sérstaka áherslu á réttarstöðu neytenda á fjármálamarkaði hvað varðar vinnslu fjárhagsupplýsinga og geri tillögur um úrbætur til að bæta stöðu neytenda á þessu sviði.

Seðlabanki Íslands telur mikilvægt að taka til endurskoðunar núverandi framkvæmd á söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust, sérstaklega út frá neytendavernd. Líkt og fram kemur í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni hefur gerð lánshæfismats fengið meiri þýðingu sem skilyrði fyrir lánveitingum með tilkomu laga nr. 33/2013 um neytendalán og laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Seðlabankinn leggur áherslu á mikilvægi þess að vinnsla við gerð lánshæfismats sé gagnsæ og að til staðar sé skýr umgjörð um upplýsingagjöf til neytenda, s.s. hvað varðar forsendur sem liggja á bak við lánshæfismat.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Jónsdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra


Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir